



Stjórnarfundur HSH

Haldinn í golfskálanum, Grundarfirði,

24.júní 2024 kl. 20.00

Fundinn sátu: Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Forföll: Laufey Bjarnadóttir og Berglind Long.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

1. Dagbók framkvæmdastjóra

- a. *Framkvæmdastjóri hefur verið með nokkra bolta á lofti síðasta mánuðinn. Unnið er að því að gera HSH að fyrirmyndarhéraði og er þar langur listi sem þarf að vinna sig í gegnum ásamt því að útbúa handbók. Framkvæmdastjóri var m.a. að vinna að síðareglum HSH, hlutverk stjórnar HSH og uppsetningu og öðru tengdu handbókinni.*
- b. *Griðarlega mikil vinna hefur farið í heimasíðu HSH sem er komin í loftið. Hugrún Elísdóttir á hrós skilið fyrir ómælda vinnu við heimasíðuna. UMFÍ og ÍSÍ hafa samþykkt styrki vegna vinnu við heimasíðuna. Unnið er að lokaskýrslum.*
- c. *Búið er að auglýsa unglíngalandsmótið og festa kaup á 100stk af HSH derhúfum til þess afhenda keppendum við mótssetningu.*
- d. *Lottó og arðgreiðslur greiddar út til þeirra félaga sem hafa skilað móttökureikning, þrjú félög hafa enn ekki svarað og því ekki fengið greitt.*
- e. *Starfsskýrsluskil HSH til UMFÍ, aðstoða aðildarfélögin við hin ýmsu verkefni, m.a. starfsskýrsluskil, deildir innan félaganna, lög og þess háttar.*
- f. *Fundir og viðburðir sem við höfum verið að sækja s.l. mánuðinn:*
 - i. *Aðildarfélagsfundir.*
 - ii. *Vinnufundir með framkvæmdastjórunum á Vesturlandi.*
 - iii. *Vorfundur UMFÍ*
 - iv. *Öryggi á Vesturlandi – vinnufundur í Borgarnesi.*
 - v. *Konur og íþróttir – hvernig eflum við konur í forystu íþróttafélaga/héraða.*
- g. *Næstu verkefni:*
 - i. *Skipuleggja haustið – hvernig ætlum við að nýta styrkina úr fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ?*
 - ii. *Skyndihjálparnámskeið. Rauði kross Íslands mun standa fyrir skyndihjálparnámskeiðum fyrir þjálfara í fyrstu vikunni í september. Framkvæmdastjóri hefur sett sig í samband við ungmennafélögin en þau eru tilbúin til þess að fella niður/forfalla æfingar svo þjálfarar geti sótt námskeiðin. Beðið er eftir staðfestingu á dagsetningum.*



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

- iii. *Áframhaldandi vinna við siðareglur, jafnréttisstefnu og handbók*
 - iv. *Persónuverndarstefna*
2. Hlutverk stjórnar HSH
 - a. *Framkvæmdastjóri hefur unnið að því að setja upp hlutverk stjórnar í vinnunni við fyrirmyndarhéraðið. Áframhaldandi mótun á hlutverkunum verða birt í handbókinni þegar hún verður tilbúin. Ákveðið á stjórnarfundi að varastjórn verði sett á póstlista og boðuð á stjórnarfundi.*
3. Unglingalandsmót
 - a. *Markmið HSH er að ná um 50 – 60 keppendum á ungingalandsmótið sem haldið verður í Borgarnesi um verzlunarmannahelgina. Búið er að safna styrkjum fyrir landsmótið og samþykkti því stjórnin á fundi að greitt verði að fullu fyrir þátttakendur á landsmótið auk þess að hver og einn fær derhúfu merka HSH.*
 - b. *Verkefnastjóri HSH verður ráðinn fyrir landsmótið. Helstu verkefni verkefnastjóra er að vera milliliður milli HSH og UMFÍ, sjá um tjaldbúðirnar, aðstoða þátttakendur ef eitthvað kemur upp á, ef breytingar á dagskránni verða og þess háttar. Að auki eiga öll ungmennafélögin að skaffa foreldra í foreldraráð sem aðstoðar verkefnastjórnann.*
4. Styrkumsóknir til HSH
 - a. *Umsóknir sem falla undir reglugerðir HSH eru afgreiddar af framkvæmdastjóra og stjórn upplýst á næsta stjórnarfundi. Þær styrkbeiðnir sem eru utan reglugerðar eru teknar upp á næsta stjórnarfundi. Þá var rætt um styrkbeiðnir vegna annars starfs en íþróttastarfs og samþykkti stjórn að lögð verður áhersla á að styrkja það sem er nær okkur.*
5. Samþykktar styrkumsóknir frá UMFÍ
 - a. *Heimasíða HSH*
 - b. *Börn með fötlun og af erlendum uppruna*
 - c. *Eflum forystufólk*
 - d. *Þjálfun þjálfara*
6. Samþykktar styrkumsóknir frá ÍSÍ
 - a. *Heimasíða HSH*
7. Önnur mál
 - a. *Rætt um Snæfellsnes samstarfið og hvernig hægt er að aðstoða þau við að gera samstarfið enn betra.*
 - b. *Stefnan sett á að strætó muni keyra fleiri ferðir á milli bæjarfélaganna á Snæfellsnesi með haustinu. Iðkendur geta því nýtt rútuna til þess að mæta á æfingar hjá öðrum íþróttafélögum.*
 - c. *Næsti fundur stjórnar verður í september.*

Fundi slitið kl. 21.30

Gunnhildur Gunnarsdóttir